

Nd.

104. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um launamál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er eðli bráðabirgðalaga að ákvæði þeirra koma til framkvæmda áður en Alþingi gefst tækifæri til þess að fjalla um þau. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir lýst andstöðu sinni við þá miklu og einhliða kjara- og réttindaskerðingu sem bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar fela í sér. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að ná fram þeim endurbótum á lögunum sem miða að því að gera þau sanngjarnari og draga úr því misrétti, sem í þeim felst, þótt slík ákvæði geti eðli máls samkvæmt einungis náð til framtíðarinnar en ekki liðins tíma.

Í samræmi við þetta flytur 1. minni hluti nefndarinnar breytingartillögur á sérstöku þingskjali sem sníða vankanta af frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir.

1) Samkvæmt því lagafrumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er bannað að miða laun við vísitölu, en vísitölukerfið stendur að öðru leyti óhaggað, þannig að t. d. ríkið hefur sjálfvirkar heimildir samkvæmt vísitölu til að hækka gjöld til sín eins og bensínjald, þungaskatt og flugvallagjald. Notkun ríkisins á þessum heimildum hefur birst í sífelldum hækkunum á bensínverði á undanförunum mánuðum. Vitaskuld er með öllu óeðlilegt og í fyllsta máta ósanngjarnt að þeir hlutar hins sjálfvirka vísitölukerfis, sem lúta að skattlagningu fólksins í landinu og tekjuöflun ríkisins, séu í fullu sambandi en launafólki sé óheimilt að njóta dýrtíðarbóta miðað við vísitölu. Þess vegna er lagt til á sérstöku þingskjali að þessi sjálfvirka heimild ríkisins verði afnumin. Óski ríkisstjórnin að breyta slíkum gjöldum yrði hún því, að samþykkti þessari breytingartillögu, að bera fram frumvarp um það á Alþingi.

Af sama toga eru gjaldskrár, sem miðast við fasteignamat. Fasteignamatið er hækkað samkvæmt ákvörðun Fasteignamatsnefndar ríkisins og er þá heimil gjaldtaka skv. gildandi lögum miðað við hið nýja fasteignamat. Þegar verðlag hækkar langt um fram launabreytingar felur þetta í sér óréttláta heimild til sjálfvirkrar gjaldtöku af þorra fólksins í landinu. Eigi að ráðast að vísitölukerfinu í heild sinni er því nauðsynlegt að höggva einnig á þessa sjálfvirkni.

Með samþykkt þessarar breytingartillögu yrði hið opinbera að sitja við sama borð og launafólk að því er afnám vísitöluviðmiðunar varðar og slíkt bann við notkun vísitölu ekki látið ná einungis til launanna einna eins og frv. ríkisstjórnarinnar gerir.

2) Lágmarkstekjur á mánuði eru nú 10 961 kr. Ef verðbætur hefðu verið reiknaðar skv. ákvæðum kjarasamninga væru þessar lágmarkstekjur nú um 15 000 kr. á mánuði. Öllum má ljóst vera að fólk getur vart framfleytt sjálfu sér, hvað þá fjölskyldu, á tekjum sem eru innan við 11 000 kr. á mánuði. Matvörukaupin ein hjá vísitölufjölskyldu eru talin nema um 9 100 kr. á mánuði um þessar mundir.

Öllum er ljóst að við erfiðleika er að etja í þjóðfélaginu. Skiptar skoðanir eru um hvernig við vandanum skuli bregðast, en allir ættu að vera á einu máli um að ekki er réttlætanlegt að skerða hlut hinna lakast settu. Það er með öllu óviðunandi að ætla fólki með lagabóði að lifa af 11 000 kr. á mánuði. Sú breytingartillaga um lágmarkstekjur, sem flutt er á sérstöku þingskjali, mun bæta hér úr og tryggja að ekki séu lagðar byrðar á hina lakast settu. Þessi ákvæði miða að því einu að engum séu greidd lægri laun í heild að meðtöldum öllum álagsgreiðslum en 15 000 kr. á mánuði og ná því einungis til þess launafólks sem hefur lægri heildarlaun, en ekki til þeirra sem ná hærri launum með álagsgreiðslum af einhverju tagi.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Kjartan Jóhannsson.